

Nr. 18-028 S 017 Harpa***Eldur um borð í höfn***

Skipaskr.nr. 7741
Útgerð: Snekkjan ehf.
Smíðaður: Ítalía 1993, Trefjaplast
Stærð: 72 bt.
Mesta lengd: 20,13 m *Skráð lengd:* 20 m
Breidd: 5,80 m *Dýpt:* 3,14 m
Vél: MAN 750 kW, 1990
Fjöldi skipverja: 0



Harpa©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. febrúar 2018 var farþegabáturinn Harpa við bryggju í Reykjavíkurhöfn.

Vegfarandi tilkynnti til Neyðarlínunnar kl. 10:07 að reykjarlykt væri við Fiskislóð og í framhaldi um að eldur væri laus í Hörpu kl. 10:25 sem var mannlauus í vesturhöfninni. Kallað var í Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og það tók u.þ.b. tvær klst. að slökkva eldinn að fullu og reykraesta bátinn.

**Mynd 1 Skemmdir í brú**



Mynd 2 Skemmdir í íbúðum

Miklar skemmdir urðu inni í bátnum af völdum elds, reyks og sóts. Í stýrishúsinu voru miklar brunaskemmdir og stjórnþæki ásamt öðrum tækjabúnaði þar og niðri í bátnum ónýtt. Eldur hafði einnig læst sig í káetum, loftum og veggjum í stýrishúsinu og íbúðum með mismiklum afleiðingum.

Við rannsókn kom fram:

- að niðurstaða rannsóknar tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu var að um hafi verið að ræða íkveikju af manna völdum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.